

Stjórnarfundur haldinn á Búgarði þriðjudaginn 17. Janúar klukkan 20:00

Mættir eru: Þorsteinn, Einar, Birkir, Þorgerður, Kristín, Jóhanna, Óskar.

Boðuð forföll: Edda Kamilla, Kristlaug.

1. Styrkumsóknir

-Steinunn Erla Davíðsdóttir sækir um styrk vegna ferðar á RIG mótið sem haldið er í Reykjavík 21. Janúar. Samþykkt var að borga flug fyrir hana suður og til baka.

-Gólfklúbburinn Hamar á Dalvík sækir um styrk fyrir nokkra iðkenndur sína vegna æfingarferðar til Spánar í sumar. Samþykkt var að styrkja hvert barn um 15.000kr.

2. Innsend bréf

- UMFÍ sendi bréf sem varðar VBS málið og fasteignamál UMFÍ.

- UMFÍ sendi bréf og vill fá að vita hvernig málum varðandi eineltismál, jafnréttisáætlun, siðareglur og aðgerðaráætlun vegna kynferðisafbrotamála sé háttað hjá félögum innan UMSE. Stjórn UMSE ákvað að taka þetta bréf fyrir á formannafundinum sem haldin verður á Dalvík fimmtudaginn 26. Janúar 2012.

- Bréf frá íþrótt- og ólympíusambandi Íslands sem varðar aukagreiðslu til eignaraðila sem nemur 100 millj. króna.

- Bréf frá , íþrótt- og ólympíusambandi Íslands sem varðar Lífshlaupið, heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ. Ákveðið var að setja upp plaköt á íþróttamiðstöðvum á Hrafnagili, Þelamörk og á Dalvík til þess að minna á verkefnið.

- UMFÍ sendi bréf þar er verið að bjóða ungmenum styrk í lýðháskóla í Danmörku. Óskað er eftir umsóknum.

- Haukur Valtýrsson sendi bréf til stjórnar en UMFÍ er að leita af fólki sem hefur áhuga á að starfa í nefndum innan UMFÍ. Tillaga hefur komið að fá Starra Heiðmannsson í Almenningsíþróttanefnd og Björgvin Hjörleifsson í Vetrarleikanefnd.

3. Önnur mál

- Lottótekjur, nokkur umræða varð um þennan lið og ákveðið var að ræða þetta málefni frekar á formannafundinum í næstu viku. Vonandi verða góðar og gagnlegar umræður á þeim fundi sem hægt er að ljúka á UMSE þinginu sem haldið verður í mars 2012.

- Ákveðið var að styrkja Unnar Vilhjálmsson um 20.000kr sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf fyrir UMSE.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 2. febrúar 2012

---

Þorgerður Guðmundsdóttir, varamaður

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður